

Fundargerð

169. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

fimmtudaginn 19. júlí 2012 kl. 12⁰⁰ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Ráðstöfunar og flutningsgreiðslur
- (3) Rekstur janúar – maí 2012
- (4) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (168. fundar).

2. Ráðstöfunar og flutningsgreiðslur

Lögð voru fram á fundinum línurit er sína núverandi kostnað við flutninga á pappa- og plastumbúðum og hvernig hann verður miðað við tillögur á breytingu gjalda er liggja fyrir á fundinum. ÓK fór yfir helstu stærðir og forsendur útreikninga. Mesti sparnaðurinn næst með því að Reyðarfjörður verður útflutningshöfn og tekið verður tillit til aukinna flutninga þar sem búið er að pressa umbúðir og gera þær tilbúna til útflutnings strax á upprunastað úrgangsins. Stjórn óskar eftir því að ÚS kanni hvort að stórflutningar geti komið í stað gámaflutninga á flokkuðum úrgangi.

Stjórn samþykkir að fela ÓK að breyta gjaldskrá við flutninga í samræmi við framlagðar tillögur og útreikninga. Ný gjaldskrá skal taka gildi frá og með 1. ágúst 2012.

Lagt var fram mat á greiðslum þjónustuaðila til úrgangshafa pappaumbúða.

Stjórn ræddi í framhaldi stöðu sjóðs vegna pappaumbúða. Árið 2011 urðu skil um 80%, sem er nokkuð meira en þau 60-70% sem eru markmið stjórnvalda. GGP telur að annað að tvennu þurfi að koma til; hækka úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, eða knýja fram lækkun hjá þjónustuaðilum á greiðslum til úrgangshafa með lækkun á endurgjaldi frá ÚS.

Stjórn ÚS samþykkir að lækka endurgjald til þjónustuaðila vegna meðhöndlunar á flokkuðum bylgjupappaumbúðum um tvær krónur á hvert kg og það verði ellefu krónur á kg og sléttan pappa um tíu krónur á hvert kg og það verði níttján krónur á kg. Ný gjaldskrá skal taka gildi frá og með 1. ágúst 2012.

Lagt var fram yfirlit fyrir nýja ráðstöfunarleið blandaðra plastumbúða frá heimilum, ÓK fór yfir helstu atriði við ráðstöfun. Um er að ræða að fara í samstarf við Grönt punkt Norge og FTI í Svíþjóð á flokkun og endurvinnslu slíkra umbúða í löndunum tveimur. Ísland fengi aðgang að sömu ráðstöfun og þessar þjóðir.

3. Rekstur janúar – maí 2012

Lagt var fram á fundinum rekstraryfirlit vörflokka frá janúar til maí 2012. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

4. Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar

Eftirtaldir bændur/býli hafa óskað eftir að gerast þjónustuaðilar við meðhöndlun heyrúlluplasts:

Lambás ehf
Kt: 690703-2540
Sveinungsvík
675 Raufarhöfn

Kristinn Rúnar Tryggvason
Kt: 231267-5739
Hóll, Kelduhverfi
641 Norðurþing

Guðmundur Ágúst Jónsson
Kt: 290659-5319
Fagraneskoti
650 Þingeyjarsveit
Heyrúlluplastinu verður komið til brennslu á Húsavík.

Ráðstöfunaraðili fyrir plastumbúðir:

Plastprent hf.
Kt: 420765-0299
Fosshálsi 17-25
110 Reykjavík

Plastprent mun endurnýta það plastefni sem kemur frá viðskiptavinum til framleiðslu á ýmsum vörum, t.d. svörtum ruslapokum.

Samþykkt.

5. Önnur mál

Staðfesting hefur borist frá umhverfisráðneyti á að ÓK verður fulltrúi í starfshóp um endurskoðun á úrgangstilskipun. Fundi slitið kl 14:00